



Stykkishólmsbær



## FORVAL VEGNA HÖNNUNAR Á ÚTSÝNISSTAÐ Í SÚGANDISEY

Stykkishólmsbær auglýsir eftir þátttakendum í forval vegna fyrirhugaðrar framkvæmdasamkeppni um hönnun útsýnisstaðar í Súgandisey sem er í Stykkishólmsbæ. Samkeppnin er haldin í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA.

Markmið samkeppninnar er að auka útsýnis- og náttúruupplifun svæðisins ásamt því að tryggja öryggi gesta eyjarinnar. Ekki síður er markmiðið að gera svæðið að eftirsóknarverðum ferðamannastað á Snæfellsnesi.

Leitast er við að fá fram hugmyndir að hönnun og efnisnotkun útsýnissvæðis sem gegnir því hlutverki að svara forvitni gesta sem vilja skoða þverhnípt bjargið. Æskilegt er að útsýnispallurinn falli vel að umhverfinu og tillagan sé verkfræðilega og kostnaðarlega raunsæ.



Nánari keppnislýsing og keppnisgögn verða afhent völdum teymum.

Valin verða 4 teymi til þátttöku í samkeppninni og mun hvert þeirra fá greiddar kr. 750.000,- fyrir sínar tillögur. Greitt verður aukalega kr. 500.000,- fyrir verðlaunatillöguna. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til þess að nýta lausnir og hugmyndir úr öllum tillögum. Bæjarstjórn stefnir að því að semja við verðlaunahöfunda um áframhaldandi hönnun útsýnisstaðarins.

Hvatt er til þverfagslegs samstarfs. Teymi þátttakenda verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Í hverju teymi skal vera landslagsarkitekt.
- Í hverju teymi skal vera aðili sem er á lista Mannvirkjastofnunar yfir löggilda hönnuði skv. 25.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Sýna þarf fram á að a.m.k. einn aðili í teymi hafi hlotið viðurkenningu eða verðlaun í skipulags- eða hönnunarsamkeppnum.

Umsókn um þátttöku skal innihalda upplýsingar um viðkomandi teymi s.s. nöfn, menntun og reynslu. Taka skal fram á umsókn sameiginlegan starfsaldur aðila í teymi. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Valnefnd sem skipuð er fulltrúum frá sveitarfélaginu og FÍLA munu meta hvaða teymi uppfylla skilyrði til þátttöku. Umsóknir verða flokkaðar annars vegar í pott þar sem sameiginlegur starfsaldur aðila í teymi er undir 10 árum og hins vegar í pott þar sem sameiginlegur starfsaldur er yfir 10 árum. Til þátttöku verður 1 teymi dregið úr fyrri pottinum og 3 teymi úr potti þeirra sem eru með yfir 10 ára starfsaldur. Úrdráttur verður í votta viðurvist.

Völdum teyllum verður tilkynnt um niðurstöðu úrdráttar eigi síðar en í lok júní og verður teyllum afhent keppnisgögn í framhaldi.

Stefnt er að því að skil í samkeppni verði í september.

Dómnefnd skipa:

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri, fulltrúi Stykkishólmsbæjar  
Ásmundur Þrastarson verkfræðingur, fulltrúi Stykkishólmsbæjar  
Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt, fulltrúi FÍLA.

Verkefnisstjóri samkeppninnar og ritari dómnefndar er  
Sigurbjartur Loftsson, Stykkishólmi.  
Trúnaðarmaður dómnefndar er Ólafur Melsted, FÍLA.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í forvalinu eru beðnir að senda inn upplýsingar fyrir kl. 16.00, fimmtudaginn 11. júní til verkefnisstjóra:

Sigurbjartur Loftsson  
[baddi@w7.is](mailto:baddi@w7.is)  
Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar  
Hafnargötu 3,  
340 Stykkishólmur

Ef umsókn er send í pósti er nægilegt að póststimpill sé innan tilskylds tímaramma.